

**Ed.**

**3. Frumvarp til laga**

[3. mál]

um breyting á lögum nr. 102 21. des. 1962, um ættaróðul, ættarjarðir, erfðaábúð og sölu þjóð- og kirkjujarða.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963.)

1. gr.

2. málslíður 3. málsg. 3. gr. laganna falli niður, en aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Yfirlýsingu um, að jörð sé gerð að ættaróðali, skal þinglýsa. Í yfirlýsingu skal sérstaklega getið fylgifyrá, sem jörð er lagt til eftir 2. gr.

2. gr.

Lokaorð 30. gr. laganna orðist svo:  
Gerningur þessi er háður þinglýsingu.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1965.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt samfara frv. til laga um þinglýsingar. Er lagt til, að orðalagi á tveimur greinum í lögum um ættaróðul, ættarjarðir, erfðaábúð og sölu þjóð- og kirkjujarða sé breytt til samræmis við reglur þær, er felast í greindu frv. til laga um þinglýsingar.